8. september 2017

# Landsframleiðslan á 2. ársfjórðungi 2017

## *Quarterly national accounts, 2nd quarter 2017*

*Hagvöxtur á öðrum ársfjórðungi var 3,4%*

**Landsframleiðslan á öðrum ársfjórðungi 2017 jókst að raungildi um 3,4% frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 6,7%. Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla dróst saman að raungildi um 1,1% frá 1. ársfjórðungi 2017.**

**Landsframleiðslan á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 jókst um 4,3% að raungildi borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2016. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 5,2%. Einkaneysla jókst um 8,3%, samneysla um 2,2% og fjárfesting um 5,2%. Útflutningur jókst um 6,4% og innflutningur nokkru meira, eða um 10%.**

**Tafla 1. Yfirlit**
*Table 1. Overview*

| | Verðlag ársins, millj. kr. *Current prices, million ISK* | Magnbreyting frá fyrra ári, % *Volume change from previous year, %* | | Magnbreyting frá fyrri ársfjórðungi, %[1] *Volume change from previous quarter, %[1]* | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2.ársfj. *2nd quarter* | 2.ársfj. *2nd quarter* | *1st–2th quarter* | 1.ársfj. *1st quarter* | 2.ársfj. *2nd quarter* |
| Einkaneysla *Private final consumption* | 329.321 | 9,5 | 8,3 | 1,8 | 3,3 |
| Samneysla *Government final consumption* | 147.615 | 2,8 | 2,2 | 0,2 | 0,9 |
| Fjármunamyndun *Gross fixed capital formation* | 137.932 | 5,8 | 5,2 | -6,0 | 7,7 |
| Birgðabreytingar[2] *Changes in inventories[2]* | -9.640 | -0,4 | … | … | … |
| **Þjóðarútgjöld alls** ***Gross domestic final expenditure*** | **605.227** | **6,7** | **5,2** | **0,7** | **2,3** |
| Útflutningur vöru og þjónustu *Exports of goods and services* | 300.706 | 8,0 | 6,4 | -3,0 | 4,3 |
| Innflutningur vöru og þjónustu *Imports of goods and services* | -286.022 | 16,2 | 10,0 | -0,7 | 13,0 |
| **Verg landsframleiðsla *GDP*** | **619.912** | **3,4** | **4,3** | **-0,7** | **-1,1** |

[1] Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*
[2] Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

Hagstofa Íslands

**Mynd 1. Landsframleiðsla, magnbreyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs**
*Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015–2017. *Preliminary figures 2015–2017.*

*Framsetning talna*

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar tölur, en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur og eru breytingarnar raunbreytingar.

**Mynd 2. Ársfjórðungsleg magnbreyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt**
*Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015–2017. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. *Preliminary figures 2015–2017. Change from the previous quarter.*

*Mesti vöxtur einkaneyslu síðan 2007*

Einkaneysla fyrstu sex mánuði ársins 2017 jókst um 8,3% samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2016. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður jókst einkaneysla um 9,5%. Þetta er mesti vöxtur einkaneyslu síðan á fjórða ársfjórðungi 2007. Frá 1. ársfjórðungi til 2. ársfjórðungs 2017 jókst einkaneysla um 3,3%.

*Samneysla eykst*

Samneysla fyrstu sex mánuði ársins 2017 jókst um 2,2% borið saman við sama tímabil árið áður. Frá sama ársfjórðungi árið áður jókst samneysla um 2,8% en árstíðaleiðrétt aukning samneyslunnar nam 0,9% frá 1. ársfjórðungi til 2. ársfjórð-

ungs 2017. Niðurstöður um fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2017 verða birtar í Hagtíðindum 14. september 2017.

*Fjárfesting*

Fjárfesting fyrstu sex mánuði ársins 2017 jókst um 5,2% borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2016. Vöxtinn má að mestu rekja til íbúðafjárfestingar sem jókst um 28,6%. Á sama tíma jókst fjárfesting atvinnuveganna um 1,3% og fjárfesting hins opinbera um 5,6%.

Miðað við sama ársfjórðung árið áður jókst fjárfesting um 5,8%. Þar af jókst fjárfesting atvinnuveganna um 2,8%, íbúðafjárfesting um 25,4% og fjárfesting hins opinbera um 4,6%.

Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins ýmist til hækkunar eða lækkunar. Þessi stærð skiptir oft sköpum varðandi heildarfjárhæðir í fjárfestingu og utanríkisviðskiptum en áhrif á landsframleiðslu eru aftur á móti lítil sem engin þar sem fjárfestingaráhrifin vega á móti áhrifum á utanríkisviðskiptin. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst fjárfesting alls um 2,2% en atvinnuvegafjárfesting dróst saman um 2,5% borið saman við sama ársfjórðung síðasta árs.

Fjárfesting jókst um 7,7% á 2. ársfjórðungi 2017 borið saman við 1. ársfjórðung 2017. Þar af jókst fjárfesting atvinnuveganna um 9,6%, íbúðafjárfesting um 4,7% og fjárfesting hins opinbera um 1,2%.

*Birgðir dragast saman*

Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 2. ársfjórðungi 2017 hafa birgðir dregist saman um 9,6 milljarða króna á verðlagi ársins og munar þar mestu um samdrátt í birgðum sjávarafurða upp á 9,1 milljarð króna. Einnig var tæplega 700 milljóna króna samdráttur birgða í stóriðju og tæplega 500 milljóna króna samdráttur kísiljárns og rekstrarvöru. Á móti kemur birgðaaukning í olíu sem nemur 600 milljónum.

*Innflutningur eykst umfram útflutning*

Útflutningur fyrstu sex mánuði ársins 2017 jókst um 6,4% borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2016. Þar af jókst vöruútflutningur um 1,5% og þjónustuútflutningur um 12,2%. Á sama tíma jókst innflutningur um 10%. Þar af jókst vöruinnflutningur um 5,4% og þjónustuinnflutningur um 18,9%.

*Minni afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum*

Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var um 20,3 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 sem lægri fjárhæð en á sama tímabili í fyrra (27,3 milljarðar króna á verðlagi þess árs).

Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á 2. ársfjórðungi 2017 var 14,7 milljarðar króna. Þar af var vöruskiptajöfnuður neikvæður um 45,8 milljarða króna. Vöruútflutningur nam 138,5 milljörðum króna og vöruinnflutningur nam 184,2 milljörðum króna. Á sama tíma var þjónustujöfnuður jákvæður um 60,5 milljarða. Útflutningur á þjónustu nam 162,3 milljörðum króna og innflutningur á þjónustu nam 101,8 milljörðum króna.

*Þjóðarútgjöld aukast umfram landsframleiðslu*

Þjóðarútgjöld fyrstu sex mánuði ársins 2017 jukust um 5,2% borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2016. Sé miðað við sama ársfjórðung fyrra árs jókst útflutningur um 8% og innflutningur um 16,2%. Landsframleiðslan jókst um 3,4% samanborið við 6,7% aukningu þjóðarútgjalda en minni vöxtur landsframleiðslunnar en þjóðarútgjaldanna skýrist af neikvæðum áhrifum utanríkisviðskipa á

hagvöxtinn. Frá 1. ársfjórðungi til 2. ársfjórðungs 2017 jukust þjóðarútgjöld um 2,3%.

*Hlutdeild einstakra liða í hagvexti*

Helstu drifkraftar hagvaxtar milli 2. ársfjórðungs 2016 og 2017 eru einkaneysla ásamt fjármunamyndun og samneyslu. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti frá sama ársfjórðungi fyrra árs.

**Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti**
*Figure 3. Contributions to growth by expenditure items*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. *Preliminary figures.Change over same quarter, previous year.*

*Hagþróun erlendis*

Árstíðaleiðrétt ársbreyting landsframleiðslunnar á 2. ársfjórðungi á Íslandi var 2,7%. Samanborið við Svíþjóð 3,9%, Hollandi 3,8%, Finnland 3,0%, Danmörk 2,7%, Bandaríkjunum 2,2%, Japan, Þýskalandi og Noregi 2,1%, Bretlandi 1,7%. Bretland og Frakkland ráku lestina með 1,7% hagvöxt.

**Mynd 4. Árstíðaleiðréttur ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum**
*Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries, seasonally adjusted*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015–2017. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. *Preliminary figures 2015–2017.Change over same quarter, previous year.*

**Heimild** *Source*: Efnahags- og framfarastofnunin. *OECD.*

*Árstíðaleiðrétting*

Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs og milli samliggjandi ársfjórðunga.

Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirliðir (einkaneysla, samneysla o.s.frv.) árstíðaleiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Niðurstöður fyrir árin 2015–2017 eru bráðabirgðatölur sem taka breytingum eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir. Slíkar breytingar hafa að sjálfsögðu einnig áhrif á árstíðaleiðréttu niðurstöðurnar.

*Nánar um aðferðafræði árstíðaleiðréttingar*

Verg landsframleiðsla (VLF) er árstíðaleiðrétt með óbeinni aðferð með TRAMO/SEATS[1] hugbúnaði sem felur í sér að undirliðir VLF, þ.e. einkaneysla, samneysla, fjárfesting, útflutningur og innflutningur eru árstíðaleiðréttir hver fyrir sig. Einnig er möguleiki að beita beinni aðferð þar sem landsframleiðslan í heild er árstíðaleiðrétt. Óbein aðferð er viðeigandi ef undirliðir hafa ólíkar árstíðasveiflur. TRAMO hugbúnaðurinn metur líkön sem fanga árstíðasveiflur í tímaröðum. Hugbúnaðurinn X12-ARIMA gerir slíkt hið sama. Hvort sem notast er við TRAMO eða X12-ARIMA við gerð líkana er stuðst við SEATS hugbúnað við mat á þeim.

Ólíkar aðferðir við leiðréttingar á árstíðasveiflum geta skilað mismunandi niðurstöðum. Það á einna helst við nýjustu gildin í viðkomandi tímaröð þar sem erfitt getur verið að segja nákvæmlega til um hvort einhver varanleg breyting hefur átt sér stað. Birting á árstíðaleiðréttu talnaefni er því gerð með þeim fyrirvara að síðustu gildin eru háð aukinni óvissu. Mynd 5 sýnir VLF og árstíðarleiðrétta VLF (óbein aðferð með TRAMO) ásamt VLF árstíðarleiðréttri með beinum hætti með X12-ARIMA.

---

[1] Tramo stendur fyrir „Time series Regression with ARIMA (Autoregressive Integrated Moving Average) noise, Missing values and Outliers" og SEATS fyrir „Signal Extraction in ARIMA Time Series“.

**Mynd 5. Landsframleiðsla, óárstíðarleiðrétt og árstíðarleiðrétt með beinni og óbeinni aðferð**

*Figure 5. Quarterly GDP, non-seasonally adjusted, directly and indirectly seasonally adjusted figures*




**Skýring** *Note*: Milljónir króna. Fast verðlag 2005. *Million ISK. Constant prices reference year 2005.*

*Ýtarleg sundurliðun er birt á vefnum*

Ýtarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

*Tölur um hagvöxt endurskoðaðar aftur til 1997*

Hagstofan endurskoðar nú tölur aftur til 1997 í einkaneyslu. Að stærstum hluta er þetta endurskoðun á svokölluðum viðbótarliðum, það er útgjöld Íslendinga erlendis og útgjöld erlendra manna á Íslandi og útgjaldaliðnum önnur fjármálaþjónusta. Árstíðaleiðréttar tölur eru því einnig endurskoðar aftur til 1997. Gerð er nánari grein fyrir þessum breytingum á bls. 8 í Hagtíðindum, *Landsframleiðsla 2016 – endurskoðun* sem út kemur samhliða þessari útgáfu.

*Tölur um 3. ársfjórðung 2017 verða birtar í desember*

Tölur um landsframleiðsluna á 3. ársfjórðungi 2017 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 8. desember 2017.

## English summary

In real terms, non-seasonally adjusted Gross Domestic Product (GDP) for the first two quarters of 2017 increased by 4.3% compared with the same period of 2016. Total domestic final expenditure increased by 5.2%. Household final consumption increased by 8.3%, government final consumption by 2.2% and gross fixed capital formation by 5.2%. At the same time exports grew by 6.4% and imports grew by 10%.

Non-seasonally adjusted figures indicate a year over year increase in real GDP by 3.4% for the 2nd quarter of 2017. Total domestic expenditure increased by 6.7%. Household final consumption increased by 9.5%, government final consumption by 2.8% and gross fixed capital formation by 5.8%. At the same time exports grew by 8% and imports by 16.2%.

Seasonally adjusted real GDP in the 2nd quarter of 2017 decreased by 1.1% from the previous quarter. Total domestic final expenditure increased by 2.3%. Household final consumption increased by 3.3%, government final consumption by 0.9% and gross fixed capital formation by 7.7%. Exports increased by 4.3% and imports increased by 13% in the 2nd quarter of 2017 as compared with the 1st quarter of 2017.

*Revisions of previous year's results*

Some minor revisions based on better source data have been made in household final consumption expenditure, affecting the national accounts results for previous years, 1997–2016.

National accounts for the 3rd quarter of 2017 will be published on the 8th of December 2017.

## Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2013–2017
*Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2013–2017*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Governm. final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Birgða-breytingar *Changes in inventory* | Þjóðar-útgjöld *National Expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs, milljónir króna** | | | | | | | | |
| ***Million ISK at current prices*** | | | | | | | | |
| **2013** | **998.119** | **459.221** | **296.849** | **-4.953** | **1.749.237** | **1.047.908** | **-897.464** | **1.899.680** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 235.783 | 110.566 | 66.393 | 13.950 | 426.692 | 238.019 | -208.044 | 456.667 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 249.706 | 116.144 | 77.689 | -3.680 | 439.860 | 248.528 | -227.360 | 461.028 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 243.426 | 112.643 | 74.455 | -5.479 | 425.045 | 303.350 | -231.578 | 496.817 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 269.203 | 119.869 | 78.311 | -9.744 | 457.640 | 258.011 | -230.481 | 485.170 |
| **2014** | **1.061.048** | **484.850** | **345.681** | **2.045** | **1.893.625** | **1.068.320** | **-942.907** | **2.019.038** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 246.461 | 115.666 | 80.370 | 287 | 442.784 | 221.535 | -209.681 | 454.638 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 266.864 | 121.966 | 77.406 | 2.046 | 468.282 | 254.705 | -236.229 | 486.758 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 259.623 | 120.038 | 98.802 | -2.309 | 476.154 | 325.779 | -257.323 | 544.610 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 288.101 | 127.180 | 89.103 | 2.022 | 506.405 | 266.301 | -239.673 | 533.033 |
| **2015**[1] | **1.120.739** | **522.636** | **421.620** | **3.489** | **2.068.485** | **1.188.745** | **-1.024.868** | **2.232.362** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 259.241 | 123.743 | 97.790 | 15.245 | 496.020 | 262.588 | -236.455 | 522.152 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 282.190 | 128.573 | 101.190 | -3.652 | 508.300 | 319.940 | -271.451 | 556.788 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 272.082 | 129.322 | 104.465 | -1.374 | 504.495 | 338.632 | -257.182 | 585.945 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 307.226 | 140.998 | 118.176 | -6.730 | 559.670 | 267.586 | -259.780 | 567.476 |
| **2016**[1] | **1.211.668** | **557.211** | **521.593** | **2.926** | **2.293.398** | **1.186.686** | **-1.031.275** | **2.448.809** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 282.022 | 132.290 | 118.237 | 14.359 | 546.909 | 244.116 | -241.913 | 549.113 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 310.028 | 138.860 | 136.534 | -8.660 | 576.762 | 303.547 | -278.460 | 601.849 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 290.839 | 137.303 | 128.722 | 2.847 | 559.712 | 365.383 | -265.101 | 659.994 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 328.779 | 148.757 | 138.099 | -5.620 | 610.015 | 273.640 | -245.802 | 637.853 |
| **2017**[1] | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 299.734 | 139.762 | 121.341 | 7.537 | 568.374 | 234.779 | -229.142 | 574.010 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 329.321 | 147.615 | 137.932 | -9.640 | 605.227 | 300.706 | -286.022 | 619.912 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 4. ársfj. *4th quarter* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2013–2017**

*Table 3. Quarterly Gross Domestic Product volume changes 2013–2017*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Governm. final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Birgða-breytingar[1] *Changes in inventory*[1] | Þjóðar-útgjöld *National Expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, %** | | | | | | | | |
| ***Volume changes on the same quarter of the previous year, %*** | | | | | | | | |
| **2013** | **0,8** | **1,0** | **2,2** | **-0,5** | **0,6** | **6,7** | **0,1** | **4,3** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 1,3 | 1,8 | -12,7 | -1,7 | -3,1 | 3,7 | -5,7 | 1,8 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 0,0 | 1,8 | 2,7 | 1,8 | 3,0 | 2,8 | -1,8 | 5,6 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 1,1 | 0,2 | 9,4 | -1,1 | 1,2 | 8,5 | 1,5 | 5,4 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 1,0 | 0,3 | 11,0 | -0,9 | 1,4 | 11,3 | 6,4 | 4,4 |
| **2014** | **3,2** | **1,7** | **16,0** | **0,4** | **5,4** | **3,2** | **9,8** | **2,1** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 2,1 | 1,5 | 20,9 | -3,0 | 1,9 | 3,6 | 11,0 | -1,1 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 4,2 | 1,4 | -2,3 | 1,3 | 3,5 | 5,0 | 6,9 | 2,8 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 2,5 | 2,3 | 33,1 | 0,7 | 8,4 | 6,3 | 14,1 | 4,0 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 4,0 | 1,7 | 14,2 | 2,4 | 7,9 | -2,6 | 7,2 | 2,6 |
| **2015**[2] | **4,7** | **1,0** | **18,5** | **0,0** | **6,2** | **9,2** | **13,8** | **4,3** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 4,0 | 1,1 | 18,6 | 3,2 | 9,1 | 4,9 | 14,2 | 4,7 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 4,3 | 1,0 | 26,2 | -1,1 | 5,9 | 16,4 | 15,4 | 7,0 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 4,0 | 0,4 | 2,4 | 0,0 | 2,8 | 4,8 | 5,5 | 2,5 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 6,2 | 1,3 | 29,7 | -1,7 | 7,3 | 11,1 | 20,7 | 3,1 |
| **2016**[2] | **7,1** | **1,9** | **22,8** | **-0,1** | **8,9** | **10,9** | **14,5** | **7,4** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 6,9 | 1,5 | 21,5 | -0,1 | 8,1 | 6,4 | 15,7 | 3,8 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 8,0 | 1,5 | 32,8 | -0,9 | 10,1 | 5,7 | 16,9 | 4,6 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 6,0 | 2,2 | 21,4 | 0,8 | 9,3 | 17,3 | 17,7 | 10,1 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 7,4 | 2,4 | 16,5 | -0,0 | 8,2 | 12,7 | 8,1 | 10,8 |
| **2017**[2] | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 7,0 | 1,6 | 4,5 | -1,2 | 3,6 | 4,5 | 2,8 | 5,2 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 9,5 | 2,8 | 5,8 | -0,4 | 6,7 | 8,0 | 16,2 | 3,4 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 4. ársfj. *4th quarter* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |

[1] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

[2] Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

## Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting á landsframleiðslu 2013–2017, árstíðaleiðrétt

*Table 4. Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2013–2017*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Governm. final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Þjóðar-útgjöld *National Expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, %** | | | | | | | |
| ***Percentage change on the previous quarter*** | | | | | | | |
| **2013** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | -0,2 | 0,3 | 0,0 | -0,7 | 5,0 | 0,2 | 2,1 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | -0,6 | 0,2 | 13,6 | 3,2 | -1,8 | 4,2 | -0,3 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 1,6 | -0,3 | -6,7 | -1,6 | 6,1 | 0,6 | 1,7 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,1 | 0,5 | 4,5 | 1,3 | 2,8 | 0,8 | 2,4 |
| **2014** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 1,0 | 0,9 | 8,8 | 1,2 | -1,9 | 4,9 | -2,3 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 1,1 | 0,3 | -8,0 | 1,5 | -2,3 | -0,7 | 0,3 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 0,9 | 0,6 | 27,7 | 4,5 | 6,5 | 7,3 | 4,2 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,8 | -0,1 | -10,8 | -0,6 | -3,5 | -1,2 | -2,0 |
| **2015**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 1,1 | 0,3 | 12,6 | 2,0 | 5,9 | 5,8 | 2,3 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 1,0 | 0,2 | -2,5 | 0,5 | 5,9 | 2,9 | 2,2 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 1,7 | 0,1 | 5,5 | 1,4 | -4,2 | 2,4 | -2,1 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 2,1 | 0,5 | 12,4 | 3,7 | 3,8 | 6,1 | 2,5 |
| **2016**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 2,0 | 0,7 | 4,7 | 2,4 | 2,6 | 6,3 | 0,8 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 1,5 | 0,2 | 6,7 | 2,8 | 3,6 | -0,0 | 4,6 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 0,7 | 0,8 | -2,6 | -0,2 | 5,6 | 1,6 | 2,0 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 3,0 | 0,7 | 7,4 | 2,8 | 1,0 | 1,4 | 2,5 |
| **2017**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 1,8 | 0,2 | -6,0 | 0,7 | -3,0 | -0,7 | -0,7 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 3,3 | 0,9 | 7,7 | 2,3 | 4,3 | 13,0 | -1,1 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 4. ársfj. *4th quarter* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2013–2017**
*Table 5. Contribution to growth 2013–2017*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Governm. final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Birgða-breytingar *Changes in inventory* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hlutdeild í hagvexti frá fyrra ársfjórðungi, %** | | | | | | | |
| ***% points contributions to growth in GDP from previous quarter*** | | | | | | | |
| **2013** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 1,1 | 0,6 | 0,0 | -0,7 | 1,9 | -0,8 | 2,1 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | -0,3 | 0,1 | 2,0 | 1,1 | -1,0 | -2,0 | -0,3 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 0,8 | -0,1 | -1,1 | -1,1 | 3,4 | -0,3 | 1,7 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,1 | 0,1 | 0,7 | 0,2 | 1,7 | -0,4 | 2,4 |
| **2014** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 1,2 | 0,7 | 1,4 | -0,8 | -4,0 | -0,8 | -2,3 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 0,6 | 0,1 | -1,4 | 2,0 | -1,3 | 0,3 | 0,3 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 0,5 | 0,1 | 4,4 | -0,7 | 3,6 | -3,6 | 4,2 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,4 | -0,0 | -2,1 | 1,1 | -2,0 | 0,6 | -2,0 |
| **2015**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 0,0 | 0,0 | 1,5 | -0,9 | 0,3 | 1,4 | 2,3 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 0,5 | 0,0 | -0,5 | 0,3 | 3,2 | -1,4 | 2,2 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 0,9 | 0,0 | 1,0 | -0,4 | -2,3 | -1,2 | -2,1 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 1,1 | 0,1 | 2,4 | -0,1 | 2,1 | -3,2 | 2,5 |
| **2016**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | -1,6 | 0,3 | 0,3 | 0,2 | -0,7 | 2,3 | 0,8 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 0,8 | 0,0 | 1,4 | 0,3 | 1,9 | 0,0 | 4,6 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 0,4 | 0,2 | -0,6 | -0,2 | 3,0 | -0,8 | 2,0 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 1,5 | 0,3 | 1,5 | -0,7 | 0,6 | -0,7 | 2,5 |
| **2017**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 0,4 | 0,6 | -1,6 | 0,9 | -8,0 | 7,0 | -0,7 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 1,7 | 0,2 | 1,6 | -1,2 | 2,0 | -5,4 | -1,1 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 4. ársfj. *4th quarter* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |

**Skýring** *Note*: Miðað er við árstíðaleiðréttar tölur. *Calculated from seasonally adjusted series.*

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2013–2017, árstíðaleiðrétt**
*Table 6. Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2013–2017*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Governm. final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Þjóðar-útgjöld *National Expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, %** | | | | | | | |
| ***Valume change on the same quarter of the prevous year, %*** | | | | | | | |
| **2013** | **0,8** | **1,0** | **2,2** | **0,6** | **6,7** | **0,1** | **4,3** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 1,2 | 1,3 | -12,1 | -2,5 | 4,9 | -5,1 | 3,1 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | -0,1 | 1,6 | 2,9 | 1,7 | 2,5 | -2,6 | 4,3 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 1,5 | 0,5 | 9,4 | 1,2 | 7,1 | 2,8 | 3,8 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,8 | 0,7 | 10,8 | 2,1 | 12,4 | 5,8 | 6,0 |
| **2014** | **3,2** | **1,7** | **16,0** | **5,4** | **3,2** | **9,8** | **2,1** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 2,1 | 1,3 | 20,5 | 4,0 | 5,0 | 10,7 | 1,5 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 3,9 | 1,5 | -2,4 | 2,3 | 4,5 | 5,5 | 2,1 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 3,1 | 2,3 | 33,6 | 8,7 | 4,9 | 12,6 | 4,7 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 3,9 | 1,8 | 14,0 | 6,7 | -1,5 | 10,4 | 0,2 |
| **2015**[1] | **4,7** | **1,0** | **18,5** | **6,2** | **9,2** | **13,8** | **4,3** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 4,0 | 1,1 | 18,0 | 7,5 | 6,4 | 11,4 | 4,9 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 3,9 | 1,0 | 25,1 | 6,4 | 15,3 | 15,4 | 6,9 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 4,7 | 0,6 | 3,4 | 3,3 | 3,8 | 10,1 | 0,4 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 6,0 | 1,2 | 30,2 | 7,8 | 11,6 | 18,3 | 5,0 |
| **2016**[1] | **7,1** | **1,9** | **22,8** | **8,9** | **10,9** | **14,5** | **7,4** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 6,9 | 1,5 | 21,0 | 8,2 | 8,1 | 18,8 | 3,4 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 7,5 | 1,5 | 32,4 | 10,6 | 5,8 | 15,5 | 5,8 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 6,5 | 2,2 | 22,2 | 8,9 | 16,5 | 14,6 | 10,2 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 7,4 | 2,3 | 16,8 | 7,9 | 13,3 | 9,5 | 10,2 |
| **2017**[1] | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 7,2 | 1,9 | 4,8 | 6,1 | 7,2 | 2,3 | 8,6 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 9,1 | 2,6 | 5,8 | 5,7 | 7,9 | 15,6 | 2,7 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 4. ársfj. *4th quarter* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtíðindi
Statistical Series
102. árg. • 17. tbl.
ISSN 1670-4770

**Þjóðhagsreikningar**
***National accounts***

8. september 2017 [Leiðrétt útgáfa *Amended version*: 1. nóvember 2017]
Umsjón *Supervision* Jón Ævarr Sigurbjörnsson • jon.sigurbjornsson@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
www.hagstofa.is *www.statice.is*
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.
*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*